

**Nd.**

**102. Frumvarp**

til laga um löggilding verslunarstaðar á Vattarnesi i Suður-Múlasýslu.

Flutningsm.: Sveinn Ólafsson.

1. gr.

Á Vattarnesi i Suður-Múlasýslu skal vera löggildaður verslunarstaður

og tekur hin löggildaða löð yfir 500 metra strandlengju, frá Vattarnestanga vestur fyrir lendingu, en 180 metra á land upp frá flóðmáli i lendingu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

#### Greinargerð.

Frv. þetta er flutt eftir ósk búanda á Vattarnesi. Löggilding á þessum stað hefir einkum þýðingu fyrir vermenn, sem þangað sækja á sumrum, og mundi hún tryggja betur en ella er hægt skipaviðkomur á þessum stað. Auk þess mundi löggildingin auka verðmæti og veðhæfi bygginga þeirra og verbúða, sem þarna eru eða koma síðar, en allar slíkar byggingar standa nú á leigulóðum.